

Framkvæmdanefnd kirkjubings

Fundargerð

21. febrúar 2022, kl. 9-12

Mætt eru: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður sem einnig ritar fundargerð
Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu
Einar Már Sigurðarson
Skúli Ólafsson

Anna Guðrún setur fundinn og býður Birgi Gunnarsson, nýráðinn framkvæmdastjóra rekstrarstofu velkominn.

Undirskriftir vegna fasteigna

Rætt er hvort veita eigi forstöðumanni fasteignasviðs og/eða lögfræðingi heimild til undirskrifa. Ákveðið er að veita ekki umboðið að svo stöddu.

Erindi frá Kristni Jens Sigurþórssyni

Beiðni um fund með framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd hefur kynnt sér forsögu málsins sem sr. Kristinn Jens vill ræða á fundinum og telur fullreynt að ná sáttum. Beiðni um fund verður því hafnað.

Uppgjör vegna ábúðarloka

Framkvæmdanefnd þarfnast frekari upplýsingar varðandi uppgjör vegna ábúðarloka, til þess að geta tekið afstöðu til þess. Óskað verður eftir frekari upplýsingum fyrir næsta fund.

Uppsetning stjórnborða

Margrét Hannesdóttir, hagfræðingur kemur á fundinn og kynnir fyrir nefndinni hvernig hún hefur sett upp stjórnborð fyrir stjórnendur þar sem rauntölur úr bókhaldi eru bornar saman við áætlun. Einnig er rætt hvernig sérfræðiþekking Margrétar getur nýst framkvæmdanefnd, framkvæmdastjóra og kirkjubingi.

Erindi vegna lóðainnheimtu í Reykholti

Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur fasteignasviðs kemur á fundinn og kynnir forsögu málsins en innheimta lóðaleigu fer fram eftir samningum og lagaheimildum. Innan við þrjú ár eru í að elstu samningarnir renni út og er Ástu falið að hefja viðræður um endurnýjun við leigutaka nú þegar.

Undirbúningur vinnu við heildstæða eignastefnu

Sr. Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjubings kemur á fundinn. Framkvæmdanefnd og fjárhagsnefnd var falið af kirkjubingi að vinna að heildstæðri eignastefnu Þjóðkirkjunnar. Ákveðið er að kalla eftir ýmsum gögnum sem hægt er að byggja stefnuna á og funda í framhaldinu.

Fundi slitið kl. 11:47